



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar
við afhendingu
afreksmerkis hins íslenska lýðveldis
á Bessastöðum
1. maí 1997**

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar athafnar hér á Bessastöðum.

Afreksmerki hins íslenska lýðveldis varð til 1950 í forsetatíð Sveins Björnssonar og er veitt vegna björgunar úr lífsháska.

Íslensk þjóð hefur um aldir háð harða glímu við náttúruöflin. Hafið hefur vissulega verið þjóðinni matarkista en einnig miskunnarlaust við að skapa hættur, stofna mannlífum í háska og taka til sín lífsfórnir.

Þessi glíma var stofnendum íslenska lýðveldisins hugstæð og leitað var leiða til að færa fram þakkargjörð þjóðarinnar, láta í té virðingu Íslendinga gagnvart þeim sem stofna sjálfum sér í hættu til að bjarga öðrum.

Þótt senn sé hálf öld síðan afreksmerkið varð til hefur það aðeins nokkrum sinnum verið veitt. Síðast árið 1987.

Skipulag á veitingu afreksmerkisins er á þann veg að forseta til liðsinnis er sérstök nefnd og er hún skipuð Haraldi Henryssyni forseta Hæstaréttar sem er formaður nefndarinnar, Gunnari Tómassyni formanni Slysavarnafélags Íslands og Ásgeiri Péturssyni formanni orðunefndar.

Þjóðinni er í fersku minni þau björgunarstörf sem unnin voru við afar erfiðar aðstæður í mars s.l. Þessi björgunarafrek voru rædd á fundum mínum með afreksmerkisnefnd 14. mars og 2. apríl og síðan kom nefndin saman til fundar 18. apríl. Í greinargerð hennar til forseta Íslands segir:

Hinn 5. mars 1997 fórst flutningaskipið Víkartindur, sem var á leið til Reykjavíkur á vegum Eimskipafélags Íslands, er það rak upp í land skammt frá Þjórsárósum á suðurströnd Íslands í miklu óveðri. Gerð var tilraun af hálfu varðskipsins Ægis til að bjarga skipinu og áhöfn þess áður en það rak upp. Sú tilraun tókst ekki en við hana tók einn skipverja, Elías Örn Kristjánsson, bátsmann, útbyrðis er brotsjór reið yfir skipið og lét hann lífið. Skömmu síðar kom þyrla Landhelgisgæslunnar TF-LÍF á vettvang og tókst áhöfn hennar að bjarga öllum skipverjum á Víkartindi, 19 að tölu.

Hinn 9. mars 1997 fórst flutningaskipið Dísarfell þar sem það var á siglingu til Færeyja frá Íslandi, rúmlega 100 sjómíllur suðaustur af Íslandi. Leki kom skyndilega að skipinu og fékk það á sig mikinn halla og hvolfdi síðan. Veður var vont og þungur sjór. Áhöfn skipsins var skipuð 12 mönnum. Komust þeir ekki í björgunarbáta en voru í flotbúningum í sjónum. Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-LÍF kom á staðinn og tókst áhöfn hennar að bjarga 10 mönnum lifandi um borð, en tveir af áhöfn Dísarfells fórust.

Hinn 10. mars 1997 fékk fiskiskipið Þorsteinn GK-16 net í skrófu skammt undan Krísvíkurbjargi og rak í átt að því. Hvassviðri var og gekk á með dimmum éljum. Þyrlan TF-LÍF fór á staðinn og tókst áhöfn hennar að bjarga skipverjum á Þorsteini, 10 að tölu, skömmu áður en bátinn rak upp að bjarginu.

Samtals björguðu þyrluáhafnirnar þannig 39 mönnum. Allar voru bjarganir þessar unnar við hin erfiðustu skilyrði og af miklu snarræði að álitum þeirra, sem best til þekkja. Áhafnirnar sýndu slíka hæfni og hugrekki, að þær hafa fullkomlega unnið til þess að hljóta afreksmerki úr silfri. Var lagt til við forseta Íslands að áhöfnunum verði veitt það merki. Þá var og lagt til að heiðruð verði minning Elíasar Arnar Kristjánssonar, bátsmanns á varðskipinu Ægi, sem eins og fyrr segir lét lífið við björgunarstörf, með því að veita honum post mortem sams konar merki. Verði það afhent eftirlifandi konu hans og börnum til varðveislu og minningar.

Í samræmi við það sem að framan greinir mun ég nú veita afreksmerki hins íslenska lýðveldis tveimur áhöfnum á þyrlu

Landhelgisgæslunnar TF-LÍF vegna björgunar samtals 36 skipverja á þremur skipum: Víkartindi, Dísarfelli og Þorsteini GK, 5., 9. og 10. mars 1997.

Áhafnir þyrlunnar skipuðu eftirtaldir 10 menn:

Benóný Ásgrímsson, flugstjóri
Páll Halldórsson, flugstjóri,
Hermann Sigurðsson, flugmaður,
Jakob Ólafsson, flugmaður,
Auðunn F. Kristinsson, stýrimaður og sigmaður,
Hjálmar Jónsson, stýrimaður og sigmaður,
Hilmar Æ. Þórarinsson, flugvirki og spilmaður,
Ágúst Eyjólfsson, flugvirki og spilmaður,
Friðrik Sigurbergsson, læknir,
Óskar Einarsson, læknir.

Einnig vil ég heiðra minningu Elíasar Arnar Kristjánssonar, bátsmanns á varðskipinu Ægi, en hann lét lífið við tilraunir til að bjarga skipinu Víkartindi og áhöfn þess hinn 5. mars s.l. með því að veita honum post mortem afreksmerki hins íslenska lýðveldis úr silfri. Bið ég eftirlifandi konu hans, Kristínu Gísladóttur að taka við merkinu og hafi hún það ásamt börnum þeirra, Guðjóni Arnari Elíassyni og Kristjönu Dögg Elíasdóttur til varðveislu.

Um leið og þessi afreksmerki eru veitt vil ég sérstaklega færa Landhelgisgæslunni allri þakkir íslenskrar þjóðar fyrir frábær störf á undanförunum árum og áratugum. Við heiðrum hér í dag ekki aðeins þá einstaklinga sem afreksmerki lýðveldisins hljóta heldur einnig Landhelgisgæsluna, starfsmenn hennar og stjórnendur, fyrir þau afrek sem Landhelgisgæslan hefur unnið. Ég bið stjórnendur Landhelgisgæslunnar sem hér eru í dag að færa starfsfólki öllu þökk og virðingu Íslendinga.